

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 22. október 2009 í máli nr. E-2569/2009:

Sveinn Halldórsson

(Guðmundur Kristjánsson hrl.)

gegn

Jóni Auðuni Jónssyni

og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., til réttargæslu

(Kristín Edwald hrl.)

Mál þetta sem tekið var til dóms 30. september sl., er höfðað með stefnu birtri 24. febrúar 2009.

Stefnandi er Sveinn Halldórsson, Hjallabraut 1, Hafnarfirði.

Stefndi er Jón Auðunn Jónsson, Erluási 48, Hafnarfirði.

Sjóvá-Almennum tryggingum hf. er stefnt til réttargæslu, í samræmi við bókun sem gerð var í þinghaldi 19. maí sl.

Stefnandi krefst þess að stefndi greiði sér skaðabætur að fjárhæð 2.418.954 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 6. október 2004 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eins og málið sé eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans. Til vara er krafist lækkunar á kröfum hans og að málskostnaður verði felldur niður.

Af hálfu réttargæslustefnda eru ekki gerðar kröfur og engar kröfur gerðar á hendur honum.

Málsatvik

Í janúar 2003 óskaði Sameinaði lífeyrissjóðurinn eftir því að bú stefnanda yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Fyrirkall vegna fyrirtökunnar hafði verið birt fyrir stefnanda 21. janúar 2003 og óskaði stefnandi eftir því að stefndi, Jón Auðunn

Jónsson hæstaréttarlögmaður, mætti fyrir sig við fyrirtöku málsins 6. febrúar 2003 og óskaði eftir fresti.

Stefndi mætti ekki við fyrirtökuna og var úrskurður um gjaldþrotaskipti á búi stefnanda kveðinn upp 10. febrúar 2003.

Á árinu 2004 leitaði stefnandi aftur til stefnda og óskaði eftir því að hann yrði sér innan handar um nauðasamninga við lánardrottna. Stefnandi ritaði sjálfur bréf til skiptastjóra þrotabúsins 28. maí 2004 þar sem hann leitaði upplýsinga um skiptameðferðina og stöðu lýstra krafna. Í bréfinu tilkynnti stefnandi jafnframt um að hann hygðist leita nauðasamninga og að stefndi, Jón Auðunn, myndi annast nauðasamningsumleitunir við lánardrottna. Af hálfu stefnda er því haldið fram að hann hafi ítrekað reynt að ná sambandi við skiptastjóra til að reka á eftir erindinu, en án árangurs, en ekki liggja fyrir í málinu skrifleg gögn um það.

Svar skiptastjóra barst skrifstofu stefnda með bréfi 23. ágúst 2004. Um var að ræða athugasemdir um stöðu krafna sem handskrifaðar voru inn á fyrrnefnt bréf stefnanda til skiptastjóra. Jafnframt sagði í bréfinu að boðað yrði til skiptafundar fljótlega. Ekki varð af því og var frumvarp að úthlutunargerð gefið út 3. september 2004. Skiptastjóri hafnaði því að fresta skiptalokum meðan leitað væri nauðasamninga fyrir stefnanda, þar sem frumvarp að úthlutunargerð hefði verið gefið út, en það var fyrst eftir útgáfu frumvarps að úthlutunargerð sem stefndi ræddi við skiptastjóra vegna erindis stefnanda. Skiptum lauk svo á skiptafundi 6. október 2004.

Stefnandi kvartaði yfir framangreindri framgöngu stefnda við úrskurðarnefnd Lögmannafélags Íslands og segir meðal annars í úrskurði nefndarinnar frá 8. apríl 2006: „Mistök kærða, Jóns Auðuns Jónssonar hrl., að mæta ekki í héraðsdómi við fyrirtöku á gjaldþrotaskiptabeiðni á hendur kæranda og dráttur af hans hálfu á að hefjast handa við undirbúning nauðasamningsumleitana, eru aðfinnsluverð“.

Með bréfi frá 30. ágúst 2006 óskaði stefnandi eftir afstöðu réttargæslustefnda, Sjóvár-Almennra trygginga hf. „til skaðabótakröfu minnar á hendur því vegna atvika þeirra sem hér hafa verið gerð að umræðunefni, en nákvæmlega er lýst í úrskurðinum“. Réttargæslustefndi hafnaði bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu stefnda með bréfi dagsettu 22. september 2006, með vísan til þess að ekki hefði verið sýnt fram á það með nokkrum hætti hvort stefnandi hefði raunverulega orðið fyrir einhverju fjártjóni. Með bréfi félagsins frá 10. nóvember 2006 var jafnframt vísað til þess að ekki hefði verið sýnt fram á að einhver orsakatengsl væru milli mistaka stefnda og þess tjóns sem stefnandi teldi sig hafa orðið fyrir.

Stefnandi fór með málið fyrir tjónanefnd váttryggingafélaganna sem kvað upp úrskurð í málinu 30. janúar 2007. Niðurstaða tjónanefndar var sú að tjón sem rakið yrði til hinnar umræddu saknæmu háttsemi váttryggingartaka væri bótaskyld úr starfsábyrgðartryggingu hans. Þar til færðar hafi verið sönnur á umfang tjónsins sé greiðsluskylda hins vegar ekki fyrir hendi.

Með bréfi réttargæslustefnda 13. október 2008 var bótaskyldu hafnað þar sem ekki hefði verið sýnt fram á orsakasamband milli mistaka stefnda og þess tjóns sem

stefnandi teldi sig hafa orðið fyrir.

Að beiðni stefnanda var dómkvaddur matsmaður, Guðmundur Pétursson hdl. á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, 11. apríl 2008 til þess að meta:

„allt umfang tjóns þess, fjárhagslegs sem ófjárhagslegs, sem ég Sveinn, varð fyrir og rekja má til starfsmistaka Jóns Auðuns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, Fjarðargötu 11, Hafnarfirði, þ.e. að mæta ekki í héraðsdómi við fyrirtöku á gjaldþrotaskiptabeiðni á búi mínu 6. febrúar 2003 og draga það sumarið 2004 að hefjast handa við undirbúning nauðasamningsumleitana þar til það varð of seint vegna útgáfu skiptastjóra á frumvarpi til úthlutunar úr þrotabúinu.“

Undir rekstri matsmálsins lagði matsbeiðandi fram bókun frá 25. mars 2008, þar sem hann samþykkti að falla frá að svo stöddu að matsbeiðnin tæki einnig til mats á ófjárhagslegu tjóni hans. Kom sá þáttur því ekki til mats.

Taldi matsbeiðandi tjón sitt nánar tiltekið felast í því:

„að eignum mínum var við skiptameðferðina ráðstafað undir sannvirði; að þrotabúið varð að svara til útgjalda af eignum mínum, sem ella hefði ekki orðið; að ég varð af því að ná nauðasamningum við lánardrottna mína...“

Niðurstaða matsmanns var sú að tjón vegna þess að eignum matsbeiðanda hafi verið ráðstafað undir sannvirði var metið á 1.226.500 krónur, en sú fjárhæð byggðist á verðmati Jóns Magnússonar hjá fyrirtækinu Iðnvélum ehf. á trésmíðavélum og tækjum í eigu stefnanda. Í matsgerð kemur fram að skiptastjóri hafi aflað verðmatsins hjá fyrrnefndum Jóni, sem hafi metið tækin til verðs á 2.190.000 krónur án virðisaukaskatts, sem jafngildi 2.726.550 króna með virðisaukaskatti. Trésmíðavélar og tæki hafi verið seld úr þrotabúinu á samtals 1.199.5577 krónur, með virðisaukaskatti og hafi þau því verið seld 1.226.500 krónum undir matsverði.

Þá mat matsmaður tjón vegna kostnaðar við gjaldþrotaskiptameðferð 1.692.454 krónur. Frá heildarfjárhæð tjóns dró matsmaður 500.000 krónur, sem matsmaður taldi hæfilegt að áætla vegna starfa sem komið hefðu í hlut umsjónarmanns með nauðasamningsumleitunum eftir lögum nr. 21/1991. Heildarfjárhæð tjóns vegna þess að ekki var mætt við fyrirtöku gjaldþrotaskipta mat matsmaður samkvæmt ofangreindu 2.418.954 krónur.

Umfang þess tjóns sem varð vegna þess að dregist hafði að hefjast handa við undirbúning nauðasamningsumleitana mat matsmaður á 1.226.500 krónur, þ.e. það tjón sem varð vegna þess að tækjum og trésmíðavélum var ráðstafað undir sannvirði. Í matsgerðinni er þetta skýrt með þeim hætti að eftir ákvæðum 3. mgr. 149. gr. laga nr. 21/1991 sé skiptastjóra í þrotabúi ætlað að gegna þeim störfum sem umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum gegni að öðrum kosti, þegar leitað er nauðasamninga undir gjaldþrotaskiptum. Matsmaður telji ekki efni til að ætla að kostnaður skiptastjóra vegna skiptastjórnar annars vegar og síðar umsjónarmannsstarfa hefði orðið lægri en sá skiptakostnaður sem féll á búið. Sé þá litið til þess að 1. mgr. 149. gr. laga nr. 21/1991 geri ráð fyrir að þrotamaður geti leitað nauðasamnings allt þar til frumvarp sé gert til úthlutunar úr búinu. Sé því eðlilegt að gera ráð fyrir að mestur hluti þess kostnaðar sem til falli vegna

skiptastjórnar í þrotabúi sé þegar fallinn á búið, áður en þrotamaður geti í síðasta lagi óskað eftir nauðasamningum. Ósk um nauðasamninga á síðustu stigum myndi í öllu falli fela í sér aukna vinnu fyrir skiptastjóra. Kostnaður vegna gjaldþrotaskiptameðferðar yrði því áfram til staðar og ekkert tjón af þessum sökum.

Stefnandi skaut málinu til úrskurðarnefndar í váttryggingarmálum sem komst að þeirri niðurstöðu, með úrskurði frá 2. desember 2008, að stefnandi ætti rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu stefnda.

Með bréfi frá 8. desember 2008 tilkynnti réttargæslustefndi stefnanda að félagið hafnaði því að hlíta niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar, þar sem ekki hefði verið sýnt fram á orsakasamband milli mistaka stefnda og meints tjóns stefnanda.

Stefnandi fékk gjafsókn með leyfi Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 6. júní 2007.

Fyrir dóminn komu og gáfu skýrslur aðilar málsins ásamt matsmanninum, Guðmundi Péturssyni.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir málsókn sína á því að beint og skýrt samband sé milli framanlýsts athafnaleysis stefnda, Jóns, og fjártjóns þess sem stefnandi varð fyrir. Þessa háttsemi verði að virða honum til sakar og hann beri þess vegna ábyrgð á tjóninu samkvæmt almennum skaðabótareglum. Stefnandi hafi leitað til stefnda sem sérfræðings og sé ábyrgð hans því þeim mun ríkari en ella.

Miskabótakröfu sína byggir stefnandi á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 25. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998, en hann telji ljóst að nefnd háttsemi stefnda, Jóns, hafi einnig haft í för með sér ólögmæta meingerð í sinn garð. Miðar hann þá við þá stöðu sem hann hafi verið settur í og vari enn, þ.e. að hann sé yfirlýstur þrotamaður. Hann hafi beðið mikinn og varanlegan mannorðshnekki, sem unnt hefði verið að komast hjá, hefði lögmaðurinn unnið vinnuna sína. Hann hafi rekið eigið smíðaverkstæði, sem hann hafi misst við gjaldþrotaskiptin og þar með atvinnu sína.

Stefnandi byggir einnig á því að réttargæslustefndi hafi í raun viðurkennt ábyrgð sína og greiðsluskyldu, þegar ákveðið hafi verið að fylgja framangreindu áliti Tjónanefndar váttryggingafélaganna.

Krafa stefnanda um dráttarvexti á höfuðstól styðjist við 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 og málskostnaðarkrafa við 120.-131. gr. laga um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi byggir sýknukröfu sína aðallega á því að ekki hafi verið sýnt fram á orsakasamband milli háttsemi stefnda og meints tjóns stefnanda. Jafnframt sé með öllu ósannað að stefnandi hafi orðið fyrir nokkru tjóni. Stefnandi, sem beri alfarið sönnunarbyrðina um orsök tjóns síns og umfang þess, hafi ekki sannað framangreint. Þá er því mótmælt að ábyrgð og greiðsluskylda hafi á nokkru stigi verið viðurkennd.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að ósannað sé að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna þess að ekki var mætt fyrir hans hönd við fyrirtökuna 6. febrúar 2003. Samkvæmt 3. mgr. 70. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti megi héraðsdómari verða við sameiginlegri ósk lánardrottins og skuldara um að fresta meðferð kröfu um gjaldþrotaskipti þótt mótmæli hafi ekki komið fram gegn henni. Slíka fresti megi ekki veita til lengri tíma en samtals eins mánaðar. Stefnandi virðist byggja á því að hann hafi átt rétt á að fá málinu frestað við fyrirtöku á beiðni um gjaldþrotaskipti 6. febrúar 2003. Stefnandi mótmæli því sem röngu, slík beiðni verði að koma frá báðum aðilum. Ekkert sé fram komið í málinu um að slík ósk hafi borist frá skiptabeiðanda, Sameinaða lífeyrissjóðnum, eða að samþykki um frestun hafi legið fyrir.

Stefnandi hafi hvorki falið stefnda að taka upp viðræður við lífeyrissjóðinn um frestun málsins né að leita samninga við lífeyrissjóðinn um uppgjör kröfu sjóðsins á hendur stefnanda. Þá hafi stefnandi ekki byggt á því að hann hafi sjálfur átt í slíkum viðræðum við sjóðinn. Hafi stefnandi í raun ekki gert neina tilraun til þess að sýna fram á að samningar um uppgjör kröfunnar hefðu náðst á þeim mánuði sem hámarksfrestur hefði getað varað og að beiðni um gjaldþrotaskipti hefði verið afturkölluð. Jafnvel þótt frestur á gjaldþrotáurður í einn mánuð hefði fengist, liggja ekki fyrir neinn rökstuðningur á því að það hefði skipt einhverju máli. Stefnandi hafi lýst því yfir við fyrirtöku fjárnámsbeiðni á hendur sér í desember 2002 að hann ætti engar eignir og að hann gæti ekki greitt skuldir sínar. Ekkert sem stefndi gerði, eða lét ógert, hafi haft nokkur áhrif á þá stöðu bús hans eða það að stefnandi var úrskurðaður gjaldþrota.

Gjaldþrotaskiptabeiðnin hafi byggt á ógreiddum lífeyrissjóðsiðgjöldum vegna tæpra tveggja ára. Verulega litlar líkur séu á því að beiðnin hefði verið afturkölluð nema gegn fullri greiðslu. Stefnandi hafi með engu móti sýnt fram á að hann hefði getað greitt skuldina. Jafnvel þótt frestur hefði fengist séu yfirgnæfandi líkur á að gjaldþrotáurður hefði verið kveðinn upp í lok þess frests.

Af framangreindu telji stefndi fullljóst að þótt stefnda hafi láðst að mæta við fyrirtökuna 6. febrúar 2003, hafi það í raun engu breytt fyrir stöðu stefnanda og enn síður hafi það leitt til tjóns fyrir stefnanda.

Þá kveður stefndi ósannað að stefndi hafi sýnt af sér saknæma háttsemi vegna nauðasamningsumleitana sem valdið hafi stefnanda tjóni.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í öðru lagi á því að rangt sé og ósannað að stefndi hafi dregið að hefja nauðasamningsumleitani og hafi með því valdið stefnanda tjóni. Stefnandi, Jón Auðunn, hafi ráðlagt stefnanda að fara ekki í nauðasamningsumleitani en látið skiptastjóra vita um hugmyndir stefnanda í þessum efnum og óskað eftir nauðsynlegum gögnum. Skiptastjóri hafi neitað að

láta gögnin af hendi nema gegn skriflegu leyfi stefnanda. Með bréfi, dagsettu 28. maí 2004, hafi stefnandi tilkynnt skiptastjóra að hann hygðist leita nauðasamninga og óskað eftir að stefnda yrðu send nauðsynleg gögn. Í kjölfarið hafi stefndi ítrekað reynt að ná sambandi við skiptastjóra til að reka á eftir erindinu en án árangurs. Það hafi svo ekki verið fyrr en um mánaðamótin ágúst-september sem stefndi hafi fengið í hendur upplýsingar frá skiptastjóra um stöðu krafna ásamt tilkynningu um að skiptastjóri ætlaði að halda skiptafund fljótlega. Stefndi hafi því átt von á boðun um skiptafund í samræmi við tilkynningu skiptastjóra, enda hafi skiptastjóra verið fullkunnugt um að stefnandi hygðist leita nauðasamninga við lánardrottna. Þær upplýsingar sem óskað hafi verið eftir frá skiptastjóra hafi verið grundvöllur þess að hægt væri að hefja nauðasamningsumleitanir. Ekki hafi verið mögulegt að hefja þá vinnu fyrr en umræddar upplýsingar lægju fyrir. Stefndi hafi því alls enga ástæðu haft til að ætla að skiptastjóri myndi á þessu stigi loka á möguleika stefnanda til að leita nauðasamninga með því að ganga frá frumvarpi til úthlutunargerðar í stað þess að halda skiptafund eins og hann hafði boðað. Af þessu sé fyllilega ljóst að rangt sé að stefndi hafi dregið að hefja nauðasamningsumleitanir og er því mótmælt að hann hafi sýnt af sér saknæma háttsemi.

Jafnframt er því mótmælt sem röngu og ósönnuðu að stefnandi hafi orðið fyrir nokkru tjóni vegna þessa. Stefndi, sem ber alfarið sönnunarbyrði um orsök meints tjóns og umfang þess, hafi ekki sýnt fram á að nokkurt tjón hafi leitt af háttsemi stefnda. Hafi stefnandi ekki sýnt fram á hvert sé fjárhagslegt tjón hans af því að gjaldprotaskipti fóru fram en ekki nauðasamningur. Stefndi byggji ekki á að fjárhagsstaða hans hefði verið önnur ef nauðasamningar hefðu verið gerðir í stað þess að gjaldprotaskipti fóru fram, að öðru leyti en því sem varði skiptakostnað og söluverð eigna. Ljóst sé að stefnandi hefði þurft að selja eigur sínar til að geta gert og efnt nauðasamninga. Hefði því niðurstaðan orðið sú hin sama, hvort sem eignir hefðu verið seldar vegna nauðasamninga eða gjaldprotaskipta. Jafnframt sé ljóst að kostnaður við nauðasamningsumleitanir hefði fallið til og ætla megi að hann hefði verið sambærilegur skiptakostnaðinum. Á þeim hluta skiptakostnaðar sem fallið hafi til áður en stefnandi leitaði til stefnda í annað sinn og stefndi fékk nauðsynlegar upplýsingar frá skiptastjóra, getur stefndi heldur aldrei borið ábyrgð. Þá sé ljóst að greiðslur hafi komið inn í búíð, þar sem um gjaldprotaskipti var að ræða, sem hefðu ekki verið greiddar stefnanda ef hann hefði gengist undir nauðasamninga.

Stefnandi hafi því ekki með nokkrum hætti sannað að hann hafi orðið fyrir tjóni sem stefndi beri ábyrgð á. Beri því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Jafnvel þótt talið yrði sannað að stefndi hefði sýnt af sér saknæma háttsemi sem leitt hefði getað til tjóns, sé alfarið ósannað hvert umfang þess tjóns sé. Stefndi mótmælir að stefnandi hafi orðið fyrir nokkru fjárhagslegu tjóni vegna háttsemi stefnda. Er umfangi meints tjóns mótmælt sem vanreifuðu og ósönnuðu. Niðurstöðum framlagðrar matsgerðar, sem liggja til grundvallar kröfum stefnanda, mótmælir stefndi sérstaklega, matsgerðin verði ekki lögð til grundvallar sem sönnun um meint tjón stefnanda. Stefndi áréttar að slík matsgerð geti aldrei verið sönnun um orsakasamband milli saknæmrar háttsemi og meints tjóns, enda eigi slíkt mat undir frjálst sönnunarmat dómara.

Hvað einstaka liði matsgerðar varði, er því í fyrsta lagi mótmælt að eignir hafi verið seldar undir sannvirði. Matsmaður byggir mat sitt á lauslegu mati sem legið hafi fyrir við skiptin, en leggi ekki sjálfstætt mat á verðmæti þeirra. Sé ósannað að markaðsverð/sannvirði tækjanna hafi verið hærra en raunverulegt söliverð þeirra. Þvert á móti verði að ætla að skiptastjóri hafi selt tækin á raunverulegu markaðsverði. Hafi skiptastjóri hins vegar á einhvern hátt vanrækt skyldur sínar við skiptameðferðina og sóað eignum búsin, beri hann einn ábyrgð á því.

Í öðru lagi er tjóni vegna skiptakostnaðar mótmælt. Ósannað sé að kostnaður við nauðasamninga hefði numið lægri fjárhæðum. Þá verði einnig að taka tillit til þeirra greiðslna sem komið hafi inn í þrotabúið og gengið upp í skuldir þess, svo sem vegna riftunar kaupmála, en þær hljóti að ganga til lækkunar tjóns stefnanda.

Þá mótmælir stefndi því að uppfyllt séu skilyrði 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga til að dæmda stefndu til greiðslu miskabóta. Stefndi hafi ekki gerst sekur um ólögmeita meingerð í garð stefnanda og hafi á engan hátt valdið honum mannorðshnekki eða átt sök á því að hagir stefnanda hafi breyst. Stefndi hafi sjálfur lýst því yfir við fyrirtöku á fjárnámsbeiðni í desember 2002 að hann ætti engar eignir og gæti ekki greitt skuldir sínar. Stefndi hafi ekki haft nokkur áhrif á þá stöðu sem síðar hafi leitt til gjaldþrotaskipta.

Niðurstæða

Óumdeilt er að stefndi óskaði eftir því að stefndi, sem er hæstaréttarlögmaður, mætti fyrir sig við fyrirtöku gjaldþrotaskiptabeiðni 6. febrúar 2003 og óskaði eftir fresti og er jafnframt óumdeilt að það fórst fyrir hjá stefnda. Hefur úrskurðarnefnd lögmanna talið þessi vinnubrögð stefnda aðfinnsluverð í úrskurði sínum frá 6. apríl 2006. Þá hefur úrskurðarnefndin einnig talið aðfinnsluverðan drátt þann sem varð á því hjá stefnda að hefjast handa við undirbúning nauðasamningsumleitana fyrir stefnanda.

Úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum komst að þeirri niðurstöðu með úrskurði frá 2. desember 2008, að stefndi ætti rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu stefnda vegna ofangreindrar háttsemi stefnda.

Lögmenn bera ríka ábyrgð gagnvart skjólstæðingum sínum og verður stefndi talinn bera skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda hafi hann orðið fyrir tjóni af hans völdum vegna ofangreinds athafnaleysis, en stefndi ber sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi orðið fyrir slíku tjóni.

Verður fyrst vikið að því ágreiningsefni hvort stefndi hafi orðið fyrir tjóni vegna þess að stefndi mætti ekki við fyrirtöku gjaldþrotaskiptabeiðni.

Samkvæmt 3. mgr. 70 gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti er unnt að verða við sameiginlegri ósk lánardrottins og skuldara um að fresta meðferð kröfu um gjaldþrotaskipti, en slíkur frestur verður ekki veittur til lengri tíma en samtals eins mánaðar. Jafnvel þótt telja megi ákveðnar líkur á að frestur þessi hefði fengist,

hefur stefnandi ekki gert neinn reka að því að sýna fram á að honum hefði tekist að gera upp kröfu skiptabeiðanda á tilskildum tíma og fá beiðni um gjaldprotaskipti afturkallaða, en málatilbúnaður hans og kröfugerð í þessum þætti málsins miðast við að tjón hans megi rekja til þess að bú hans var tekið til gjaldprotaskipta. Á stefnanda hvílir sönnunarbyrði fyrir því að meint tjón vegna þess megi rekja til framangreinds athafnaleysis stefnda, en ekki einhverra annarra atvika. Stefnandi hefur að mati dómsins ekki fært sönnur á að orsök tjóns hans verði rakin til athafnaleysis stefnda, en ekki einhverra annarra atvika, sem stefndi ber enga ábyrgð á.

Verður þá vikið að því ágreiningsefni hvort stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna þess að stefndi brást of seint við þeirri ósk stefnanda að leitað yrði nauðasamninga fyrir hann.

Óumdeilt er að stefnandi tilkynnti skiptastjóra, með bréfi dagsettu 28. maí 2004, að hann hygðist leita nauðasamninga og óskaði eftir að stefnda yrðu send tilskilin gögn. Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram að hann hafi ítrekað reynt að reka á eftir erindinu við skiptastjóra, án árangurs. Fyrir liggur í málinu að svör skiptastjóra bárust til stefnda 23. ágúst 2004, en þá var stefndi í sumarleyfi. Frumvarp að úthlutun var gefið út 3. september 2004, en fram kemur í gögnum málsins að stefndi hafi fyrst, eftir símtal frá stefnanda í lok september 2004, haft samband við skiptastjóra og tilkynnt honum að stefnandi hygðist leita nauðasamninga við lánardrottna sína. Tilkynnti þá skiptastjóri að hann myndi ekki fresta skiptalokum 6. október.

Er það mat dómsins að í ljósi ofangreindrar atburðarásar verði stefndi talinn bera skaðabótaábyrgð vegna þess hversu langur tími leið frá því að stefnandi fól honum að hefja nauðasamningsumleitanið og þar til hann aðhafðist nokkuð í þeim efnum, hafi stefnandi orðið fyrir tjóni af þeim völdum. Stefnandi ber sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi orðið fyrir slíku tjóni og umfangi þess tjóns.

Í matsgerð sem stefnandi aflaði kemur fram að tjón stefnanda vegna þess að stefndi hófst ekki handa við undirbúning nauðasamningsumleitana fyrr en of seint, hafi numið 1.226.500 krónum, þ.e. þeirri fjárhæð sem nam mismun á söluverði tækja og trésmíðavéla stefnanda og matsverðs Jóns Magnússonar.

Af hálfu stefndu hefur niðurstöðum framlagðrar matsgerðar verið mótmælt.

Matsmaður kom fyrir dóm og staðfesti niðurstöður matsgerðarinnar. Matsmaður kvaðst hafa byggt niðurstöður sínar um verðmat véla í eigu stefnanda á fyrrgreindu verðmati Jóns Magnússonar, en skiptastjóri þrotabús stefnanda aflaði þess verðmats. Matsmaður kvaðst ekki hafa lagt sjálfstætt mat á verðgildi vélanna. Fyrrgreindur Jón kom ekki fyrir dóm og staðfesti verðmat sitt. Í bréfi skiptastjóra til nefnds Jóns frá 30. apríl 2003 óskaði hann eftir því að hann legði „lauslegt mat á verðmæti vélanna“. Í skrá þeirri sem fyrrgreindur Jón sendi skiptastjóra, eru handskrifuð matsverð véla í eigu stefnanda, og yfirskrift skjalsins er „áætlað án vsk“. Ekkert er að finna í gögnum málsins um það hvaða þekkingu Jón hefur á slíkum vélum og hvorki hann né skiptastjóri kom fyrir dóm til að gera grein fyrir því eða á hverju matið hefði byggst. Rýrir þetta mjög sönnunargildi matsgerðar stefnanda og gegn mótmælum stefnda verða niðurstöður hennar ekki lagðar til grundvallar um sönnun á umfangi meints tjóns stefnanda. Er umfang tjóns

stefnanda samkvæmt framangreindu ósannað.

Stefnandi hefur krafist miskabóta úr hendi stefnda á grundvelli 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 25. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998 og byggir hann kröfu sína á því að hann hafi beðið mikinn og varanlegan mannorðshnekki við það að bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta. Stefnandi lýsti því sjálfur yfir við fyrirtöku fjárnámsbeiðni að hann ætti ekki eignir og gæti ekki greitt skuldir sínar. Eins og að framan er rakið taldi dómurinn að ekki hefði verið sýnt fram á að stefnandi hefði getað afstýrt gjaldþrotaskiptum, jafnvel þótt stefndi hefði mætt við fyrirtöku um gjaldþrotaskiptabeiðni og óskað eftir fresti. Því var ekki talið að meint tjón stefnanda yrði rakið til athafnaleysis stefnda. Skilyrði þau sem tilgreind eru í b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, þ.e. að heimilt sé að láta þann sem ábyrgð ber á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu manns, greiða miskabætur til þess sem misgert er við, eru samkvæmt framangreindu ekki fyrir hendi í máli þessu.

Með vísan til alls ofangreinds verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda, en rétt þykir í ljósi málsatvika að málskostnaður falli niður milli aðila.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, 1.041.364 krónur, sem er málsvarnarþóknun lögmanns stefnanda, Guðmundar Kristjánssonar hæstaréttarlögmanns, 628.725 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og útlagður kostnaður stefnanda, 412.639 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Ingveldur Einarsdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Jón Auðunn Jónsson, er sýkn af kröfum stefnanda, Sveins Halldórssonar.

Málskostnaður fellur niður milli aðila.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda 1.041.364 krónur, sem er málsvarnarþóknun lögmanns stefnanda, 628.725 krónur og útlagður kostnaður stefnanda, 412.639 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Ingveldur Einarsdóttir.

